

	Bls.
Vísnamál Björns Péturssonar	1
Byggðasafn Skagfirðinga 1992	12
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1992	16
Safnahús Skagfirðinga 1992	21
Héraðsbókasafn Skagfirðinga 1992	23
Flugbókasafn Hauks Stefánssonar	25
Úr Héraðsskjalasafni:	
Bréf Jóns Ósmann til Páls V. Bjarnasonar	26
Hver er maðurinn?	33

17. árgangur 1993

safna mál



Útgefandi:
SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
fyrir
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON

Ábyrgðarmaður:
GUNNAR GÍSLASON

SAUÐÁRKRÓKI
SÁST HF.
MCMXCIII

Vísnamál Björns Péturssonar

Hjalti Pálsson tók saman



*Björn Pétursson í hermanna-
búningi.*

Björn Pétursson fæddist 4. október árið 1867 á Sléttu í Fljótum. Voru foreldrar hans Pétur Jónsson bóndi á Sléttu, og kona hans Björg Stefánsdóttir, ættuð frá Höfnum á Skaga. Hjá þeim ólst hann upp, en naut ekki mennta umfram það sem ungmennum þeirrar tíðar var ætlað að bjargast við. En hann hafði skarpar gáfur og drakk í sig allan fróðleik, sem umhverfið gat veitt honum, svo að hann varð er tímar liðu með fróðustu mönnum. Skáldgáfan vaknaði snemma með honum, en lítt hampaði hann kveðskap sínum á yngri árum.

18 ára gamall yrkir hann fallett kvæði til lóunnar „vorboðans ljúfa”. Þar kemst hann m.a. svo að orði: „...ég er vorsins barn og ann þess óði/og yndi mest ég finn í söng og ljóði.” Þetta gætu verið hans einkunnarorð, því Björn var alla tíð unnandi ljóðs og lands, mannvínur og dýravínur og hvarvetna vel látinn.

Fljótin eru snjóþung sveit, vetur oft harðir og langsættnir.

Vetrarfárið fellir hjörð,
fennir smári og blómin.
Lemur bára björgin hörð,
brýnir Kári róminn.

Í þessari snjóþungu sveit fagna menn öðrum fremur komu vorsins. Mælt er, að Björn hafi kveðið þessa vísu 14 ára gamall:

Eftir vetrar kulda og kíf
kvikna ljósín hlýju,
þegar vorsins vald og líf
vekur allt að nýju.

Önnur vísa dregur upp fallega mynd af sólaruppkomunni:

Dags er runnin drottning hlý
frá djúpum unnar vogum.
Húmið brunnið allt er í
árdags sunnu logum.

Björn stundaði sjómennsku á yngri árum á Íslandi. Eftirfarandi siglingavísa er gerð á siglingu af Strandagrunni á leið til Siglufjarðar, og nú er dýrt kveðið:

Rennur gnoð um geddu lá,
glennir voðir Kári.
Spennast froðuföllin há,
flennist boðinn súðum á.

Í sjóðbú lágu þeir báðir, Björn og Jón Bergsson frá Prasa-stöðum. Jón lét illa í svefni og Björn kvað:

Það eru aumu ósköpin
er hann Jón má þola.
Dansar hann við djöfulinn,
drauga og Þorgeirsbola.

Eitthvert sinn varð Björn samskipa Matthíasi Jochumssyni á hákarlaskipi Odds á Siglunesi milli Akureyrar og Haganesvíkur. Veður fór versnandi á leiðinni og vissi Björn af þeim Matthíasi og Oddi undir þiljum. Gerði hann sér ferð niður í lúkarinn, þar sem þeir sátu að drykkju. Spurðu þeir um veðrið. Björn svaraði:

Herðir þungan hljóða gný
hörpusláttur unnar.
Alvalds tungan talar í
tónum náttúrunnar.

Segir þá Matthías á þá leið, að þessa vísu verði að verðlauna með staupi. Það fékk Björn og féll vel á með þeim körlum, svo að Björn fór ekki frá þeim fyrr en við leiðarlok.

Björn kvæntist árið 1892, Dóróteu Jóelsdóttur frá Sauðanesi á Upsaströnd. Þau reistu bú á Bakka í Austur-Fljótum árið 1895, en fluttu sig árið 1898 um set upp að fjallsrótunum að bænum Höfn, sem var að heita má beint upp af Bakka. Þar bjuggu þau næsta fardagaár, en vorið 1899 tóku þau ábúð á Stóru-Þverá handan Fljótaár og voru þar til ársins 1904, að þau tóku sig upp með börn sín öll nema hið yngsta og fluttust til Kanada.

Í Kanada komst Björn skjótlega að hjá póststjórninni og vann að þeim störfum allan þann tíma, sem hann var í Kanada, eða 26

ár, að undanteknum þrem árum, sem hann gegndi herþjónustu í fyrra heimsstríði. Hann þurfti þó ekki að fara á vígvöll, en innti af höndum sína herþjónustu í Bretlandi. Kominn í hermannaþjónun sendi hann vinum sínum nokkrar vísur heim til Íslands. Þar í eru þessar:

Pökk fyrir allt, ég er á förum
í austurveg að hermanna sið
að taka þátt í köldum kjörum,
sem kemur öllum heimi við.

Og seinasta vísan:

Hvar sem minn banaboði springur
og bylta örlög mér um heim.
Til eilífðar verð ég Íslendingur,
enginn fær swift mig rétti þeim.

Í herþjónustunni urðu til ýmsar vísur:

Lítið vit oft hefur hátt,
heimskir blaðra og gala.
Einn ég sit og þegi þrátt
þegar aðrir tala.

Oft hefur hermannaþjónun vist verið leiðinlegt:

Þegar á góðu gamni er þrot,
gleði hvergi að finna,
leik ég mér við baugabrot
bernskudrauma minna.

Á hvíldarstundu í Bretlandi fór Björn út í skógarrjóður og fann sér góðan stað til að yrkja:

Þar sem ríkir þögn og friður
þreyttur nýtur hvíldar bezt.
Því skal ég í þessum lundi
þreyja meðan dagur sezt.

Hér á milli laufgra lima
leikur aftanblær um kinn
meðan léttar ljóðhendingar
líða fram í huga minn.

Ensk kona kom í herbúðirnar, þar sem Björn var og gerði boð fyrir Petersen. Var talið að hún ætti við Björn Pétursson og voru þau leidd til tals saman. Sagðist konan ekki vilja að hann væri með fíflingar við dóttur sína og skyldi hann giftast henni, en ekki vera í svo lausu sambandi. Kom þá upp úr kafinu að konan hafði farið mannavilt og var hinn rétti Petersen Norðmaður. Eftir þetta varð Birni vísa á munn:

Ennþá vilja þær eiga mig
með armana silkibúna.
Þó gaman væri að gifta sig,
get ég það ekki núna.

Til er hluti úr löngu sendibréfi, sem Björn skrifaði æskuvini sínum og mági, Guðmundi Stefánssyni í Minni-Brekku, sumarið 1920. Þar segir hann ýmislegt af högum sínum og barna sinna. Þá hefur hann 115 dollara í laun á mánuði hjá pósthjórninni og greiðir 45 dollara í húsaleigu í Winnipeg. „Ég vinn alla ársins

daga, eins sunnudaga, sem aðra daga vikunnar svo ég hefi ekki mikla frítíma, hefi aðeins hálfan dag frían í viku, vinn 8 tíma á dag, stundum á næturnar, stundum á daginn. Ég er vanalega um 10 tíma frá því ég fer að heiman og þangað sem ég vinn. Ég fæ 18 daga frí á hverju sumri og fullt kaup fyrir þann tíma. Stjórnin í Ottawa hefir sent mér tilkynningu um að ég væri hennar fasta maður, sem meinar það, að ég get haft þessa vinnu eins lengi og ég vil. Vinnan má heita góð, sú bezta sem ég hef unnið um ævina.”

Ekki var það Birni sársaukalaust að yfirgefa Ísland á sínum tíma. Margar vísur hans tjá söknuð til ættjarðarinnar. Í Íslandsvísu hans, sem hann orti í Kanada, eru m.a. þessi erindi:

Björtu andans blysin þín
brenna á feðra gröfum.
Tigna fjalla foldin mín
fjærst í norðurhöfum.

Pegar mildust mar og grund
maí sólin baðar,
vekja líf af vetrarblund
vorsins raddir glaðar.

Býst á ról hver blómálfur,
burt er njóla hrakin.
Glitrar fjóla grátfögur
geislum sólar vakin.

Og þótt veðráttan sé talin erfið á Íslandi, eru andstæðurnar meiri í Kanada:

Sífelld stríð við eld og ís
er mér leiður fjandi.
Ýmist brennur eða frýs
allt í þessu landi.

Það var einhverju sinni í Kanada, að kvekarinn og trúboðinn Pétur Sigurðsson frá Reit í Flókadal hittir Björn og boðar honum trú. Björn hefur hvorki tíma eða vilja að hlusta á boðskap hans og segir:

Leggðu mér ekki hlekki um háls,
hjarða gættu þinna.
Ég vil guði færa frjáls
fórnir bæna minna.

Ekki lætur Pétur trúboði sér þetta nægja, en vill skýra fyrir honum frekar tálsmörur djöfulsins og hversu hann skuli varast. Orti Björn þá aðra vísu til að kenna viðmælanda sínum umburðarlyndi:

Vertu ekki að tala um trú,
taktu það eins og gengur.
Andskotinn er eins og þú
allra bezti drengur.

Árið 1930 ákvað Björn að flytjast til Íslands aftur og yfirgaf þá fjölskyldu sína, konu og börn, sem öll höfðu staðfezt vestra nema Pétur sonur hans. Hann var aðeins nokkurra mánaða gamall er þau fluttust vestur um haf og varð eftir á Íslandi. Fór hann svo vestur nokkru eftir fermingu, en festi þar ekki yndi og kom aftur

til Íslands að fimm árum liðnum. Pétur var þá byrjaður búskap á Keldum í Sléttuhlíð.

Mönnum var auþúsa í endurkomu Björns. Hann hafði alltaf verið vinnusamur og vinnuglaður og varð ekki vistar vant í Fljótum og Sléttuhlíð næstu árin.

Björn var ölkær töluvert og margar vísna hans lúta að áfenginu. Eitt sinn verður honum að orði, eftir að hafa lengi verið þurrbrjósta:

Nú er ég í huga hljóður,
hættur karla raupinu.
Hvenær skyldi Guð minn góður
gefa mér í staupinu?

En drottinn hefur marga sendisveina og uppfyllir stundum frómar óskir:

Preifa ég nú á því enn,
þó ekkert vín ég kaupi,
að guð á marga góða menn,
sem gefa mér í staupi.

Við áramót er ekkert til að gera sér dagamun:

Nú er fátt sem yljur oss,
ekkert flöskutárið.
Pinn er svalur kveðjukoss
kæra gamla árið.

Fjárrekstrarferðir úr Sléttuhlíð yfir Skarðið til Siglufjarðar voru erfiðar, menn oft hraktir og kaldir við komuna til Siglu-

fjarðar. Kominn úr einni slíkri för heldur Björn rakleiðis að hitta apótekarann, Aage Schöth, og kastar fram vísu:

Nú er fátt sem fjörgar mann,
flý ég á náðir þínar.
Gef mér einhvern andskotann
að ylja kverkar mínar.

Það var á bannárunum, 1931 eða 1932, að Björn var eitt sinn vikutíma um sláttinn kaupamaður hjá Tryggva bónda í Lónkoti í Sléttuhlíð. Var svo um samið með þeim, að Björn fengi laun sín greidd í landa. Vinnumaður var hjá Tryggva á sama tíma, ungur piltur af Höfðaströnd upp á sömu býti. Þeir höfðu með sér flösku á teiginn á daginn og voru vel lifandi við sláttinn. Í vikulokin hyggjast vinnumennirnir gera sér glaðan dag um helgina og krefja um verkalaunin. Tryggvi var tregur að láta þá fá áfengi til að fara með af heimilinu og Ólöf húsfreyja aftók slíkt með öllu, segir illt eitt muni af hljótast. Þykir þeim óvænlega horfa sínum málum í höndum Ólafar húsfreyju, svo að Björn grípur til skáldskaparins:

Brúkaðu ekkert bölvað þras,
bágt er þig að laga.
Ég vil landa á lítið glas
í laun fyrir þessa daga.

Urðu lyktir þær, að Tryggvi fékk þeim félögum tvær flöskur og héldu þeir svo á vit helgarinnar. Eftir þetta var Tryggvi bóndi kærður fyrir meint landabrudd og réttaði sýslumaður í málinu. Þangað var Björn kallaður ásamt fleirum, því sýslumaður hafði heyrt vísuna og kvað hana benda til að Björn vissi um landabruddið hjá Tryggva. Björn viðurkenndi að vísu að hann hefði

verið kenndur þessa helgi, en kvaðst ekkert vita um bruggun áfengis í Lónkoti og sagði sýslumann ekki fara rétt með vísuna og hafði hana nú yfir á staðnum og stundinni í endurbættri gerð, þar sem ekkert var minnst á landa:

Brúkaðu ekkert bölvað þras,
bágt er þig að laga.
Mér er frjálst að fá á glas
fyrir þessa daga.

Eftir heimkomuna var Björn fyrst hjá Pétri syni sínum, en lengst af á Syðstahóli hjá Júlíusi Geirssyni bónda og Guðrúnu Halldórsdóttur konu hans, en hún var hálf systir Doroteu konu Björns. Júlíus fluttist að Mósakógum á Bökkum árið 1945 og fór Björn með honum þangað og átti þar heima til æviloka. Júlíus þótti hægur maður og eitt sinn á túnaslætti kemur pósturinn í Mósakóga. Taðan lá þurr á túninu, en vestanátt á og farið að gera regnskúri í Flókadalsafréttina. Björn var vinnusamur, kemur inn og sér Júlíus sitja í rólegheitum inni í stofu og lesa Tímann.

Ekkert þig til verka vekur,
veðrið er að breyta sér.
Tíminn er þér tímafrekur,
taðan bíður eftir þér.

Á efri árum er skrokkurinn farinn að láta sig og gamlar minningar sækja á:

Giktin þróast, grána hár,
grennist ró í sinni.
Illa gróin gömul sár
gleði sóa minni.

Í ellinni kveður hann:

Orkan þrýtur, ævin þver,
ég orðinn er sljór og gleyminn.
Senn kemur nóttin, sama er mér,
sáttur skil ég við heiminn.

Að lokum skal hér sett vísa, sem þjóðsagan hefur gert að seinustu vísu Björns. Hún á að hafa fundizt á náttborðinu að honum látnum. Hið sanna mun vera, að kveðskapurinn sé eftir Stefán Stefánsson frá Mósakógum. Þeir Björn voru vinir og sendust stundum á vísu. Björn mun hafa beðið Stefán að sýna sér, hvernig hann mundi yrkja eftir hann dauðan. Björn hafði dálæti á vísunni og geymdi hjá sér á náttborðinu. Fyrri hluti hennar er hafður á ýmsan veg og hið sama má reyndar segja um fleiri vísur Björns, sem hér hafa verið fram bornar. Verður ekki skorið úr hvað réttast er, en sú gerð valin, sem bezt þykir:

Björn er sagður fallinn frá,
þó flestum illa líki.
Nú er karlinn kominn á
knæpu í himnaríki.

*Gjört í Stekkjarhvammi 13. og 14. ágúst 1993.
Hjalti Pálsson.*

Byggðasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1992

Í byggðasafnsnefnd eru: Valur Ingólfsson Sauðárkróki formaður, séra Gísli Gunnarsson Glaumbæ ritari og Margrét Jónsdóttir Löngumýri meðstjórnandi.

Safnstjóri er Sigríður Sigurðardóttir. Safnverðir voru Ólína Jónsdóttir Hátúni, Edda Jónsdóttir Varmahlíð, Ragna María Ragnarsdóttir Hátúni og Atli Gunnar Arnórsson Glaumbæ.

Árið 1992 komu 16350 gestir í heimsókn í gamla bæinn í Glaumbæ. Í viðbót komu þangað í byrjun skólaárs 82 nemendur að fræðast um byggingarlag og búskaparhætti fyrr á tímum. Safnið var opið frá 1. júní og fram í september frá 9 - 12 og 13 - 17 alla daga.

Þann 14. júní var haldið upp á fjörutíu ára opnunarafmæli safnsins. Eftir hátíðardagskrá í Glaumbæjarkirkju var gestum, um 200 manns, boðið í bæinn í heitt súkkulaði og meðlæti. Inni í baðstofu sýndu góðar vinkonur safnsins gömul vinnubrögð tengd tóvinnu og þrír félagar úr Harmonikkuklúbbi Skagafjarðar spiluðu. Gestir kunnu vel að meta það og tóku undir söng eða stigu dansspor. Það setti ánægjulegan svip á daginn, að nokkrir gestanna komu ríðandi til kirkju að gömlum sið.

Um mánaðamótin júní - júlí var opnuð sýning í Pakkhúsinu á Hofsósi. Þar voru sýndir gripir tengdir Drangeyjarútvegi svokölluðum, þ.e. fuglaveiðum á flekum og sigi. Einnig eru í sýning-

unni gripir sem minna á hákarlaveiði út með firði og ætlunin er í framtíðinni að setja inn í hana muni sem tengjast fiskveiðum við Drangey, en eyjan var stærsta verstöð Skagfirðinga vor hvert fram á miðja þessa öld. Safnstjóri sá um uppsetningu sýningarinnar. Gestir í Pakkhúsinu urðu 3000 þetta sumar. Safnvörður var Valgeir Þorvaldsson á Vatni.

Viðgerðir á Áshúsinu gengu samkvæmt áætlun. Gert var við þak og gengið frá gluggum og listum og stigi settur við húsið. Lóðin var mótuð eins og ætlunin er að hafa hana, en það kostaði töluverða tilfærslu á jarðvegi.

Viðgerðir hófust á gamla bænum í Glaumbæ í júlí og gengu vel. Húsafríðunarsjóður veitti tveggja milljóna króna styrk til viðgerða og var sá peningur nýttur allur og gott betur. Tekin voru niður þök og veggir á báðum skemmum, smiðju og Suðurdyrum (Brandahúsi). Veggir voru hlaðnir upp að nýju og gildað upp í gafhlöð þar sem þurfti og ný þök sett á. Hleðslumenn voru allir innanhéraðsmenn þeir Sigurður Helgi Sigurðsson, Gunnlaugur Hrafn Jónsson og Sveinn Arnar Sæmundsson, en Kári Þorsteinsson smiður sá um viðgerðir á timburverki.

Ári Jóhannesson tók ofan þak og gerði við sperrur í baðstofu á gamla bænum á Hólum, en viðgerð hans hefur dregist mjög á langinn og á enn eftir að þilja hann að innan.

Í Grafarkirkju komu um 250 manns, en hún var lokuð mestan hluta sumars.

Bærinn á Stóru-Ökrum og Sjávarborgarkirkja stóðu óáreitt að mestu. Kirkjan var tjörguð og gróður stunginn frá veggjum.



Glaumbær. Horft inn til héraðs og Mælifellshnjúks. Ljós. Páll Jónsson.

Í Víðimýrarkirkju tók staðarhaldari, Anna Kristinsdóttir, á móti u.þ.b. 9000 manns og sá um kirkju og garð með mikilli þrýði sem fyrr.

Safninu bárust 220 munir á árinu 1992 og enn þrengist í geymslu safnsins. Stór hluti þessara gripa voru innanstokksmunir og textílar en einnig fékk safnið í sína vörzlu ýmsar vélar og má þar nefna dráttarvél af gerðinni INTERNATIONAL 10/20 árgerð 1930. Sú vél er í fullkomnu lagi og gangfær.

Eftirtaldir aðilar styrktu safnið á árinu 1992:

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga	kr. 30.000
Húsafriðunarsjóður	kr. 1.000.000

Eftirtaldir aðilar gáfu gripi til safnsins:

Áshildur Öfjörð og Valberg Hannesson, Sauðárkróki
 Arnviður H. Björnsson, Húsavík
 Birna Björnsdóttir, Reykjavík
 Björg H. Björnsdóttir, Reykjavík
 Björgvin Jónsson og Jófríður Tobíasdóttir, Sauðárkróki
 Bragi Pálsson, Keflavík
 Egill Helgason, Sauðárkróki
 Dagbjört Jónsdóttir, Reykjavík
 Einar Örn Björnsson, Hvolsvelli
 Elísabet Andrésdóttir, Tungu
 Erna Geirsdóttir, Varmahlíð
 Fjóla Stefánsdóttir, Minni-Ökrum
 Gerður Geirsdóttir, Bjargi
 Guðmundur Jóhannsson, Reykjavík
 Heiðbjört Kristmundsdóttir, Sjárvarborg
 Hlíf Árnadóttir, Sjárvarborg
 Ingibjörg Pálsdóttir, Reykjavík
 Ingibjörg Sigurðardóttir, Varmalandi
 Jóhanna Pálsdóttir, Keflavík
 Jón Eiríksson, Fagranesi
 Jónína Friðriksdóttir og Stefán Sigurðsson, Laugarmýri
 Kári Gunnarsson, Sauðárkróki
 Kristján Sölvason, Sauðárkróki
 Margrét Jónsdóttir, Löngumýri
 Pálína Skarphéðinsdóttir, Gili
 Sigmundur Pálsson, Sauðárkróki
 Sigríður Hjálmarsdóttir og Sverrir Björnsson, Sauðárkróki
 Sigríður Helgadóttir, Akureyri
 Sigurður Pétur Björnsson, Húsavík
 Skúli Helgason, Reykjavík
 Varmahlíðarskóli
 Örlygur Kristfinnsson, Siglufirði

Fyrir hönd safnsins þakka ég þeim öllum fyrir góðar gjafir.

Sigríður Sigurðardóttir.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1992

Aðsókn var góð að safninu enn sem fyrr. Samtals skráðu sig 790 manns í gestabók, en töluvert fleiri litu þangað inn ýmissa erinda. Afgreiðslutími var óbreyttur frá fyrra ári, 21 stund á viku, fimm daga vikunnar.

Í ársbyrjun hóf Guðrún Ragna Rafnsdóttir hlutastarf á skjalasafninu, að jafnaði fjóra tíma á dag. Vann hún fram á sumar. Hún sinnti fyrst og fremst ljósmyndaskráningu og skráði alls 1410 ljósmyndir. Tókst að vinna upp að mestu leyti það sem fyrir lá af nafngreindum óskráðum ljósmyndum. Í árslok var heildartala skráðra mannamynda komin nokkuð á 11. þúsund.

Eftir að skráningu ljósmynda lauk, vann Guðrún að flokkun á sendibréfasafni sr. Helga Konráðssonar, sem telur milli 1500 og 1600 sendibréf.

Safnið fékk í apríl um 50 ljósmyndir frá bókaforlaginu Erni og Örlygi úr ljósmyndasafni Daníels Bruun, skagfirzkar myndir og nokkrar merkar þjóðlífsmyndir frá því um og fyrir síðustu aldamót. Þessar myndir fékk safnið til endurgjalds fyrir fjölmargar myndir sem það lánaði til bókar Guðmundar L. Friðfinnssonar á Egilsá, Þjóðlíf og Þjóðhættir, sem út kom haustið 1991.

Mjög lítið var skráð af handritum, einungis gengið frá skráningu 20 númera í handritasafninu. Þar eru nú skráð númer alls 2.372.

Kristmundur Bjarnason lauk að mestu við verkefni, sem hann hefur unnið að undanfarin þrjú ár, en það er gerð mannanafnalykils að handritaskrá safnsins. Til þess verkefnis fékkst tvívegis 200.000 króna styrkur frá Þjóðhátíðarsjóði. Við þessa mannanafnaskrá hefur gjörbreyzt möguleiki á að finna efni í handritasafninu og öll aðstaða til afgreiðslu. Í stað þess að skjalavörður þurfti e.t.v að fletta 2000 handritalýsingum til að finna eitthvert ákveðið efni, er nú í mörgum tilfellum hægt á örkotsstundu að finna það sem leitað er eftir. Þannig má t.d. strax finna hvort í safninu séu sendibréf frá Hriflu-Jónasi, svo eitthvað sé nefnt. Þessi skrá hefur þó marga annmarka, þar sem ennþá vantar efniskrá. Hún verður væntalega ekki til staðar fyrr en handritalýsingar hafa verið tölvuskráðar.

Hinn 26. apríl var í fyrsta sinn haldinn um land allt kynningardagur skjalasafna til að kynna fólki hvað finna mætti á skjalasöfnum og hvaða upplýsingar væri þar að finna. Skjalavörður ritaði grein í Morgunblaðið til kynningar á safninu og aðra í Feyki. Var haft opið hús sunnudaginn 26. apríl og tókst kynningin vel, aðsókn mjög góð og ýmsir komu færandi hendi. Má segja að hér hafi verið fullt hús allan daginn. Alls skráðu sig rúmlega 90 manns í gestabók og margir stönzuðu lengi, sumir marga klukkutíma. Var tínt fram til sýnis ýmislegt forvitnilegt úr fórum safnsins, boðnar fram kaffiveitingar og lítilsháttar meðlæti.

Skjalavörður sótti fund héraðsskjalavarða til undirbúnings að kynningardegi skjalasafna 7. apríl í Reykjavík, og síðar árlegan fund skjalavarða og starfsfólks Þjóðskjalasafns í Borgarnesi 13. nóvember.

Skráðar fyrirspurnir, símleiðis eða bréflega voru 71, en auk þess fjölmargar minniháttar fyrirspurnir, sem ekki voru skráðar. Þá eru heldur ekki taldar afgreiðslur við fólk, sem kemur á safnið.

Engin þurrð var á gjöfum til safnsins. Alls bárust 117 gjafir frá

80 einstaklingum, þar af voru 1228 ljósmyndir. Afhendingar opinberra gagna voru 16 frá 17 aðilum.

Sífelld meiri tími skjalarvarðar fer í að sinna fólki, sem kemur á safnið, beinir þangað fyrirspurnum, eða færir því gjafir. Þetta sýnir að safnið er lifandi stofnun og nýtur velvilja fólks. Öllum velunnurum og gefendum færi ég beztu þakkir.

Hjalti Pálsson.

Eftirtaldir gáfu Héraðsskjalasafninu á árinu 1992:

Aðalsteinn J. Maríusson, Víðihlíð 35, Sauðárkróki
Alda Ellertsdóttir og Friðrik Margeirsson, Hólavegi 4, Sauðárkróki
Anna Jónsdóttir, Laufhóli, Skag.
Arnór Sigurðsson, Suðurgötu 20, Sauðárkróki
Árni H. Árnason frá Kálfsstöðum, Ægisstíg 6, Sauðárkróki
Árni Blöndal, Víðihlíð 2, Sauðárkróki
Ásdís Vilhelmsdóttir, Sporðagrunni 5, Reykjavík
Birgir Haraldsson, Bakka, Viðvíkursveit
Bjarni Haraldsson, Aðalgötu 22, Sauðárkróki
Björgvin Brynjólfsson, Skagaströnd
Björgvin Mátsson frá Fyrirbarði, Skagfirðingabraut 3, Sauðárkróki
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum
Egill H. Bragason, Laxagötu 9, Akureyri
Elínborg Þórarinsdóttir frá Hróarsdal
Emma Hansen, Barmahlíð 33, Reykjavík
Erlendur Hansen, Skagfirðingabraut 45, Sauðárkróki
Eyþór Stefánsson, Fögruhlíð, Sauðárkróki
Friðrik J. Friðriksson, Smáragrund 4, Sauðárkróki
Garðar Guðjónsson, Háuhlíð 4, Sauðárkróki
Guðbrandur Þór Jónsson, Saurbæ í Fljótum
Guðmundur S. Jóhannsson, Skógargötu 10, Sauðárkróki
Guðríður Brynjólfssdóttir, Hæðarbyggð 9, Garðabæ
Sr. Gunnar Gíslason, Varmahlíð
Gunnar Sigurjónsson, Víðilundi 24, Akureyri

Haflína Björnsdóttir frá Kolkuósi
Halldór P. Jónsson, Víðigrund 5, Sauðárkróki
Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi
Haukur Hafstað, Hávík, Skag.
Haukur Stefánsson, Víðigrund 13, Sauðárkróki
Helga Erlendsdóttir, Laugarholti
Hjalti Gíslason, Hofsósi
Hólmfríður Guðmundsdóttir, Lindargötu 9, Sauðárkróki
Hörður Friðbertsson, Bogahlíð 20, Reykjavík
Hörður Ingimarsson, Smáragrund 11, Sauðárkróki
Hörður Jóhannsson, Víðimýri 6, Akureyri
Ingibjörg Hafstað, Vík, Staðarhreppi
Ingibjörg Sigurðardóttir, Varmalandi, Sæmundarhlíð
Ingólfur Kristjánsson frá Hólum, Fjarðarási 21, Reykjavík
Ingólfur Sveinsson, Lágmúla á Skaga
Jónas Hálfánarson, Melum, Hofsósi
Jósef H. Þorgeirsson, Bjarkargrund 2, Akranesi
Konráð Gíslason, Varmahlíð
Kristinn Aadnegaard, Austurgötu 41, Hafnarfirði
Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37, Sauðárkróki
Kristmundur Bjarnason og Hlíf Árnadóttir á Sjávarborg
Leifur Gíslason, Kópavogsbraut 57, Kópavogi
Leo Jónasson, Svanavatni
Lilja Sigurðardóttir frá Hróarsdal, Hátúni 34, Keflavík
Lovísa Björnsdóttir, Hólavegi 15, Sauðárkróki
Margrét Guðmundsdóttir, Stangarholti 3, Reykjavík
Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki
Ottó A. Michelsen, Miðleiti 5, Reykjavík
Pálína Hannesdóttir, Hólmagrund 8, Sauðárkróki
Páll Sigurðsson frá Lundi, Öldustíg 15, Sauðárkróki
Sr. Ragnar Fjalar Lárusson, Auðarstræti 19, Reykjavík
Sesselía Hannesdóttir, Ægisstíg 2, Sauðárkróki
Sigurbjörg Sigurðardóttir, Bárustíg 3, Sauðárkróki
Sigurður Ágústsson, Hólavegi 13, Sauðárkróki
Sigurður Pétur Björnsson, Garðarsbraut 19, Húsavík
Sigurður Jónsson, Reynistað, Skag.
Sigurjón Sveinsson og Steinvör Hjálmarsdóttir, Öldustíg 11, Sauðárkróki
Sigurlaug Jónasdóttir og börn hennar, Kárástöðum, Skag.
Sigurlína Jónsdóttir frá Fyrirbarði, Skagfirðingabraut 3, Sauðárkróki
Snjólaug Guðmundsdóttir, Hafgrímsstöðum, Skag.

Stefanía Jónsdóttir, Víðihlíð 31, Sauðárkróki
Stefán Júlíus Stefánsson, Gimli, Manitoba, Kanada
Sverrir Björnsson og Sigríður Hjálmarsdóttir, Hólavegi 20, Sauðárkróki
Sveinn Tumi Arnórsson, Laugarbakka, V-Hún.
Vigdís Pálsdóttir, Tjarnargötu 38, Reykjavík
Þorbjörg Guðmundsdóttir og Þorkell Sigurðsson, Reykjavík
Þorbjörg Jónsdóttir, Háaleitisbraut 115, Reykjavík
Þorvaldur Friðriksson, Fjölnisvegi 2, Reykjavík
Þórey Jóhannsdóttir, Birkihlíð 9, Sauðárkróki
Þórunn Ólafsdóttir, Hellulandi, Skag.

Eftirtaldir afhentu opinber gögn til safnsins árið 1992:

Ágúst Guðmundsson, Fellstúni 5, Sauðárkróki
Árni Blöndal, Víðihlíð 2, Sauðárkróki
Bjarni Jóhannsson, Víðilundi, Skag.
Dögun h/f, Sauðárkróki
Egill Bjarnason, Bárustíg 3, Sauðárkróki
Elinborg Þórarinsdóttir frá Hróarsdal, Skag.
Garðar Guðjónsson, Háuhlíð 4, Sauðárkróki
Jón Björnsson, Hellulandi, Skag.
María Gréta Ólafsdóttir, Raftahlíð 76, Sauðárkróki
Sr. Ólafur Hallgrímsson, Mælifelli, Skag.
Ragnar Guðmundsson, Ártúni 13, Sauðárkróki
Sigfús Pétursson, Álftagerði, Skag.
Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum, Skag.
Útgerðarfélagið Skagfirðingur, Sauðárkróki
Valberg Hannesson frá Sólgörðum, Raftahlíð 69, Sauðárkróki
Valur Ingólfsson, Fornósi 3, Sauðárkróki

Safnahús Skagfirðinga

Ársskýrsla 1992

Fundahöld og sýningar í Safnahúsinu urðu með líkum hætti og undanfarin ár. Bæjarstjórn fundaði hér 18 sinnum og 5 fundir voru á vegum héraðsnefndar eða héraðsráðs. Aðrir fundir urðu 23, en samkomur af öðru tagi alls 4.

Fimm sýningar voru haldnar í húsinu. Hin fyrsta var í sæluvikunni 28. marz til 5. apríl. Þá kom Elías B. Halldórsson úr Kópavogi, sem áður bjó á Sauðárkróki um rúmlega tveggja áratuga skeið. Hann sýndi alls 49 myndir, stór olíumálverk, olíu undir gleri og tréristur. Fjórar myndir seldust, en auk þess keypti Listasafn Skagfirðinga eina stóra olíumynd. Gestir voru 270-280.

Viku síðar hófst önnur sýning, sem Skotfélagið Ósmann á Sauðárkróki stóð fyrir helgina 11.- 12. apríl. Sýndar voru um 140 byssur o.fl. tengt þeim. Aðsókn var ágæt og urðu gestir nokkuð á fjórða hundraði, 332 skráðu nöfn sín í gestabók. Þótti þetta nýstárleg sýning og sú glæsilegasta, sem haldin hefur verið á Íslandi af þessu tagi.

Helgina 22. til 23. ágúst sýndi Ágúst Eiðsson, ungur Sauðkræk- ingur, 25 myndir. Níu þeirra seldust og aðsókn var góð, rúmlega 200 manns.

Dagana 28. til 30. ágúst hafði Baldvin Árnason úr Reykjavík sýningu á 11 stórum olíumálverkum. Aðsókn varð nánast engin,



Gamla bókhlaðan, Suðurgata 7 á Sauðárkróki. Húsið tekið í notkun árið 1937. Bókasafnið var á neðri hæð. Íbúð bókavardar á efri hæð.

enda undirbúningur og kynning mjög lítil. Ein mynd var keypt til Listasafnsins.

Síðasta sýning ársins var dagana 28. nóvember til 6. des. er Þórhallur Filippusson á Sauðárkróki sýndi 47 myndir. Aðsókn var um 200 manns og fáeinir myndir seldust.

Tveir fræðimenn komu til að vinna á skjalasafninu nýttu sér gístaðstöðu í fræðimannsherbergi Safnahússins nokkra daga í september.

Engar breytingar urðu á starfslíði Safnahússins á árinu, né heldur í stjórn safnanna. Séra Gunnar Gíslason er formaður safnastjórnar, en meðstjórnendur Bjarni Jóhannsson, Björn Björnsson, Björn Sigurbjörnsson og Sighvatur Torfason.

Hjalti Pálsson.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1992

Á árinu 1992 voru 384 nýjar bækur skráðar inn í safnið og var bókaeign í árslok 25.025 bindi. Er þetta töluvert minna en á síðasta ári vegna þess að fjárveiting til bókakaupa var minnkuð um þriðjung. Þrátt fyrir minni bókakaup tókst ekki alveg að standast áætlunina.

Skráður fjöldi gesta á árinu var 6.634, þar af voru 1.813 börn. Fjöldi lánþega var 536, þar af voru börnin 136. Lánþegar blindrabóka voru 13. Lánþegum hefur fjölgað frá s.l. ári um 83.

Útlán voru sem hér segir: barnabækur 4.553, flokkabækur 5.866 skáldsögur 13.385. Alls 23.804 bindi. Hafði útlánnum nokkuð fjölgað frá árinu 1991, en þá voru þau 22.079. Útlánnum barnabóka fjölgaði einnig talsvert, þau voru 3.855 árið 1991. Útlánnum á blindrabókum hefur fjölgað verulega. Þau voru 38 árið 1991 en voru 103 í ár. Aukningin hjá börnunum er m.a. vegna þess, að um haustið ákvað stjórn safnsins að senda öllum 9 ára börnum í héraðinu „frítt kort“. 64 börnum voru send kort og komu 37 af þeim einu sinni eða oft.

Í janúar var reynd sú nýbreytni, að hafa sögustundir fyrir 6-10 ára börn í bókasafninu á föstudögum kl. 18 hálfsmánaðarlega, eftir að útlánatíma lauk. Félagar úr Leikfélagi Sauðárkróks komu á safnið og lásu upp. Mæting á sögustundirnar var léleg og lögðust þær af um vorið.

Þann 1. janúar breyttist afgreiðslutími safnsins að því leyti, að opið er nú frá kl. 15-19 á fimmtudögum eins og aðra virka daga, auk fimmtudagskvöldtímans frá kl. 20-22.

Dagsektir á vanskilabækur voru hækkaðar á árinu úr einni krónu í tvær.

Eins og áður bárust safninu margar gjafir, sem hér með er þakkað fyrir. Skrá yfir gefendur er hér fyrir aftan.

Að öðru leyti voru hagir safnsins svipaðir og áður, útlánin hafa aukist og svo er einnig um samstarf safnsins og skólanna. Er það vel.

Dóra Þorsteinsdóttir.

Skrá um gefendur til Héraðsbókasafnsins 1992:

Auður Vilhelmsdóttir, Háuhlíð 5, Sauðárkróki
Bára Haraldsdóttir, Öldustíg 6, Sauðárkróki
Ebba Kristjánsdóttir, Kvistahlíð 1, Sauðárkróki
Erna Ingólfssdóttir, Knarrarstíg 1, Sauðárkróki
Hákon Birgisson, Ártúni 17, Sauðárkróki
Halldór Gíslason, Dvalarheimili aldraðra D-3, Sauðárkróki
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki
Jónína Antonsdóttir, Ægisstíg 4, Sauðárkróki
Minný Leósdóttir, Víðigrund 13, Sauðárkróki
Ragnheiður Baldursdóttir, Víðihlíð 17, Sauðárkróki
Sigurður Björnsson, Hagafliót 4, Garðabæ
Vanda Sigurgeirsdóttir, Skólavörðustíg 21, Reykjavík

Flugbókasafn Hauks Stefánssonar

Í nóvember færði Minný Leósdóttir, Víðigrund 13, Sauðárkróki, safninu gjöf til minningar um eiginmann hennar, Hauk Stefánsson, sem lézt þann 17. júlí 1992. Alls eru þetta um 22 hillumetrar af bókum, tímaritum, bæklingum og myndum, sem allt tengist flugi. Bækurnar eru um 300, að miklum hluta á ensku, tímaritið Flight frá 1958 og Aeroplane frá 1973, ásamt fjölmörgu fleiru viðvíkjandi flugi. Haukur var sérstakur áhugamaður um flug og safn hans eitt hvert hið mesta og merkasta í einkaeigu á Íslandi.

Ekki hefur enn verið gengið frá þessu safni til fullnustu, en því hefur verið valinn sérstakur staður í bókasafninu og verður skráð sem „Flugbókasafn Hauks Stefánssonar”.

Innilegar þakkir til Minnýjar Leósdóttur fyrir þessa góðu gjöf.



Úr Héraðsskjalasafni

Bréf Jóns Ósmann til Páls V. Bjarnasonar sýslumanns

Að þessu sinni verður birt sendibréf, sem sá góðkunni maður, Jón Ósmann, skrifaði vini sínum, Páli Vídalín Bjarnasyni, sem verið hafði sýslumaður á Sauðárkróki 1905-1912, en nú fluttur úr héraði til Stykkishólms og tekinn við sýsluvöldum á Snæfellsnesi. Það voru dætur Páls, þær Hildur og Jóninna Margrét, sem færðu safninu þetta skemmtilega bréf að gjöf ásamt öðru frá Jónasi lækni Kristjánssyni. Ósmann skrifaði þetta bréf tæplega fjórum mánuðum áður en hann hvarf af þessum heimi. Rúmlega þrem vikum síðar skrifar Ósmann bréf öðrum vini sínum, Jóni Magnússyni í Minna-Holti í Fljótum og segir þar flestar hinar sömu fréttir, m.a. um selinn stóra. Annars er það bréf ekki eins ítarlegt. Það bréf ásamt fleiri bréfum frá Ósmann gáfu þau systkini, Sigurður Árni og Lilja frá Húsabakka, safninu s.l. vetur.

Í áður nefndu bréfi Jónasar læknis, dagsettu 26. apríl 1914, segir m.a. svo:

„Með þessu bréfi segi ég þér lát gamla vinar okkar Ósmanns. Það fannst bréf eftir hann látinn til mín og biður hann mig í því að bera þér hinztu kveðju sína og þakklæti fyrir alla vináttu og tryggð við sig. Hann hafði oft látið það í ljósi, bæði við mig og aðra, að hann kysi sér legstað í Ósnum, enda varð sú reyndin á. Hann hafði verið venju fremur þunglyndur í vetur og vor og var búinn að segja mér frá því, að það stríddu á sig hugsanir um að stytta þjáningar sínar, en ég hélt að ég hefði verið búinn að fá hann ofan af því, en þá hefur hann tekið það ráð að leyna mig fyrirætlan sinni.

Föstudaginn fyrstan í sumri [þ.e. 24. apríl] fór hann ofan að Ósnum um kl. 9 og hálf [þ.e. frá Utanverðunesi] og kl. 11 er Magnús í Nesi kom vestur að ósnum var hann horfinn, hafði fest bátnum frá landi fram af klettinum með æðilangri línu, lagt upp árar og flaut pramminn út með landinu, eftir því sem taugin gaf eftir, en Ósmann hefur ekki sézt síðan og segir í bréfi til mín að ekki muni þurfa að leita sín.”

Í annarri viku júní fannst síðan lík Jóns Ósmanns rekið út undir Skefilsstaðabökkum á Skaga og var jarðsett á Sauðárkróki 17. júní.

Bréf Ósmanns er birt hér nánast stafrétt. Að breyta starfsetningu þess til nútímahorfs hefði hreinlega spilt þeim hugblæ, sem bréfið hefur frá hendi Jóns.

Furðuströndum 25. 12. 1913

Gleðileg Jól! Gleðilegt nýtt Ár!

Sjertu ætíð sæll og heill! kæri góði vinur, hlynur rjettvísinnar, hlynur framfara og skýrleiks, hlynur alls hins góða, mjer ógleymanlegi, sem vildir mjer öll gæði, sem hefði jeg verið barn þitt. Endurtekið slíku göfuglindi má ekki gleyma, vil biðja af heilum hug hæðaverur að launa. Nú þegar. Ástkærar þakkir fyrir Brjefið góða, og skýra, sem gjörði mig kunnugri Breyðafirði, eptir en áður, slík brjef ekkert rusl. Annars gleður mig að heyra vellíðan þína, sjerstaklega óska jeg þjer til lukku og blessunar með soninn þinn litla, sem sjálfsagt verður látinn heita Bjarni, þar hvíla á miklar líkur, og nokkur vissa. Þá til efnisins, eitthvað að tína til með fréttir.

Tíð ágæt í sumar, heyskapur þar af leiðandi góður, grasspretta í betra meðalagi. Afurðir manna til lands og sjávar í afar háu verði, en abli óvanalega rýr á Skagafirði þetta ár, sjerstaklega á Skaga, og Austurlandi [þ.e. út með Skagafirði að austan], góður abli á Sauðárkróki í Júlí og Ágúst á Færi, rétt framm af staðnum, aptur fjekkst svo sem engin Hafsýld hjer á fyrðinum, en gnægð af smærri sýld í Fyrirdrætti, sem varð að góðu liði til Beytu. Silungsveiði heldur rýr, þó Ósmann fengi marga, lof drottni! Laxveiði mjög góð í Miklavatni, aptur lítil hjá Ósmann, sem orsakaðist af óvanalega miklum vatnavöxtum í sumar. Tíð óvanalega stillt og góð í haust, og þar framm yfir alla Sláturstíð, skepnur yfirleitt vænar til frálax, einnig tóku þær víða miklum haustbata.

Frá því Veturinn gjekk í garð, hefir verið mjög óstöðugt, og



Jón Ósmann t.v. og Jónas Kristjánsson læknir með þriggja vetra kampinn.

með afbryggðum nú uppá síðkastið, svo gegnir furðu. Vestanátt mikil, svo jeg á von á að sjá Grænlanding áður miðvetur kemur, enda sagt nú að hann sje að Horni kominn.

Viku fyrir Vetur gjörði hjer aftakaveður og sjógang af norðri með afspirnuhríð er sleit sýmann heila leið til Sauðáreyra frá Ósnum, og sjö staurar lögðust alveg flatir, fyrir utan marga er hölluðust til hálfis, þá fór jeg í veðrinu um morgun til Furðustranda, einn að vitja um Botníu og leist ekki á, því hana sá jeg ekki á legunni, úr Emanúel [svo nefndi Jón ferjubyrgið], og er þó ekki langt, hún var á spónnýjum þvervír, (því hann hafði slitnað rjett áður sá gamli) og góður vír aptur af henni líka, samt þótti mjer ekki tryggilegt, og legg á stað með þriðja vírinn spónnýjann á pramma, og gat komið honum undir þóftuna aptur í og bundið. ý því kemur ólag svo mikið að slítur bæði þvervírinn, og þann sem aptur af var, dregur kengina úr vinstri hleranum, og hann út, hún í fartinni í ólaginu uppí grjót og hlerinn í mjel, og jeg er enn að ná

andanum, því sjórinn gjekk óbrotinn yfir mig, og er slæmur enn síðan, því hann fór svo mikið í lungun á mjer. Jeg verð að segja það með sanni engar ýkjur, að það voru löguleg átök, þar með er því máli lokið.

Mig heimsótti vinur minn tvisvar í sumar Júlíus Kaptæin á Ingólf, höfum ekki sjest undir 30 ár hann þá lítill drengur í Vatnskoti og fjekk stundum gott í Nesi, og mundi vel eptir því, síðara skiptið er hann kom, voru með honum Jónas Læknir, Magnús sýslumaður, Ragnar Ólafsson, Jón Faktor Gránu, jeg hafði skreitt alla veggj með mindum í Ymmanúel. Borð hlaðið vistum Hákarli, Harðfiski, Laxi, Eplum, smjöri, brauði, Viský, Koníakki, Sóðavatni, gamla Karlsberg sem ekki var alstaðar á boðstólum. Þá gestir eru búnir að fá sjer sæti bauð jeg þá velkomna, og segi við Júlíus.

Vertu velkominn hinn vaski hlynur
þjer fagnar Ósmann á Furðuströndum
hlakkaði hugur minn, þá halurinn snjalli
ljét rista Rán, rammann Ingólf.

Vertu velkominn til vinarstranda
sem átt hefir stríð, í Austurvegi
háð einvígi, og haft æ sigur
Júlíus Kapteinn, drekkum þína skál.

Á eptir Skotið, Jónas vinur Læknir skaut þar frægðarskot að vanda með Riffli sínum, og svo Mindaði hann okkur alla, með Reyðskjótum okkar sem ynnanum voru lögulegir, mundir þú hafa unað þjer þá stund á Furðuströndum.

Mjer hefir gengið óvanalega vel við Sel í Haust, búinn að skjóta 14 þar af 6 Kampar (Útselir) einn með afbryggðum, svo fáir



Mindin af Selnum. [Skýringartexti Jóns Ósmanns]: Fyrir framann Selinn til vinstri er Ósmann með Byssu sína, við hlið hans Halldór Smiður á Sauðárkróki. Fyrir aftan Selinn til vinstri, Elín Jónsdóttir Nesi þar næst lítill stúlka frá Keflavík Anna að nafni dóttir Gunnars, verður mikið löguleg með tímanum, upp við vegginn Sigurbjörg dóttir mín, apturundan mjer. Þar næst Ólína skáldkona frá Brekkukoti ekkja Halls heitins, þá lítill drengur sonur hennar rjett hjá henni Jón að nafni. Við hlið Ólínu er Sigurbjörg Gunnarsdóttir frá Keflavík við hlið hennar Margrét Gunnarsdóttir sama st. sýðast Magnús Vigfússon í Garði, faðir Björns Sýmastjóra á Borðeyri.

hafa sjest slíkir átta vetra að aldri, mátti sjá árin á Nöglum hans, allt svo fullkomið og Karlkyns var hann, og hafði töluvert lögulegt að bjóða, viðvíkandi kynfjölgun, jeg efa það ekki, að hann hefir ekki látið ganga til atkvæða, að fá Káhetu pláss í Neðrideyld! ögn meira um Selinn. Selfangarar hafa Skotið á hann úti á Ís, en kúlan Geigað, komið alin fyrir framan apturhreyfa, rjett ofan við hrygg, þar í gegnum hann, eins beint og strikað hefði verið, þetta hefir undur háð skepnunni, því hefði hann verið Skotinn framm við Ís að vori til, ómeiddur mundi hann hafa losað fjögur hundruð pund

Spik engar ýkjur, jeg ætla að lofa þjer að heyra hvað hann vigtaði, af því þú ert í mesta Selapláss landsins getur skeð að þú eigir vin, sem er Sela og veiðimaður og hafi gaman af. Einnig sendi jeg þjer Mind af honum þar með fylgja 10 manns, sem er ynnanlögulegt fólk, og veit það spillir ekki. Einnig sendi jeg þjer Mind af öðrum þrevetrum, þar er vinur minn Jónas með, báðar mindirnar gjöra hjer lukku.

útSelur Kampur:

Húð 70p, Spik 180p, Kjöt 245p, Höfuð 10p, Apturhrefar 11p, Lifur 24p, Ynnvols 60p.

Jeg hjet því gæti jeg yfirunnið þessa skepnu skildi einhver svangur, eða verðugur fá bita, og það enti jeg, skipti honum í 20 staði. Hann var sá allra styggasti og um leið vitrasti, sem jeg hef við átt, og það gjörði að hann var særður.

Þegar Ferjustarfinu var lokið, tók jeg mjer listitúr til Akureyrar með Seres, kom aptur eptir rúmann hálfan mánuð, það er sú ánægjulega för, sem jeg hef farið á æfi minni, mjer alstaðar tekið með afbryggðum, þá ferðasögu skrifa jeg þjer seinna, kom með Ingólfi til baka, skipverjar allir þriðimenn, og ekki síst Jómfrúin, sem velmældar ellefu lúkur eru undir, henni rjetti jeg með fleyrum hjálparhönd, þá sumir fóru að draga ýsu, og þurfti litla atkvæðagreiðslu við athöfn þá, þeim er nóg sem skilur. Þá til efnisins.

Foreldrar mínir eru bæði á lífi, hún komin í rúmið, og stígur sjálfsagt aldrei heilum fæti á jörð hjeðanaf, hann hefir fótaferð enn, er mjög orðinn fyrirgengilegur, sem er von, aldur þeirra þeggja 85 í vor. Jeg á stórann og efnilegann son fæddan 12. Október 1912. Fæðingin ströng, þá kvað Ósmann

Er mín bón, og Ellu von
að eignast dreng með þriði
fríður í sjón um fjölnis kvon
sem frægur Jónas Kristjánsson.



Elín Jónsdóttir með soninn Jónas Ósmann.

Ósmann bætti jeg við, en Ella stje ekki í fætur í 18 vikur, það var langur og erviður tími, en best er að þeyja um þetta allt, það má deyja og fara.

Nú Ella orðin jafngóð, en strákurinn er með þrífri, bygging og heilsa, læt hann lifa á Nýmjólk, Hrossakjöti, Selspiki og bráðum læt jeg snáða drekka voglt Selablóð, af þeirri fæðu verður mjer best.

Kæri vinur jeg get ekki sent þjer mind af mjer sjerstaka núna, þú hefir af mjer til bráðabyrgða á Selmindinni og vin okkar með á ann-

ari, jeg ætla að láta minda mig og strákinn þá skaltu fá eina ef lukkast ef þetta gengur nú allt vel, þá sendu mjer einhverntíma línu og mind af þjer og litla snáða þínum, það gleður Ósmann.

Jeg hafði gleymt Margréti í Brimnesi, henni líður vel þar ytra, er orðin líklega mikið til albata, og þar heima í Brimnesi líður með þrífri.

Miði þessi er orðinn nokkuð langur, bið jeg vin minn að virða á betri veg, Skrift, Rjettritun, Stýlsmáta, allt biður þetta um fyrirgefningu. Jónas Læknir, Hannsína, Rebekka, Jónína biðja að heilsa þjer og þínum með þrífri, sömuleiðis Einar Brimnesi og Hofstaðabræður. nú hef jeg lokið máli mínu.

Vertu ætíð blessaður og sáll, leiði þig Drottinn um alla þína óförnu æfibraut til sigurs og gæfu.

Þinn einl. vin Jón M. Ósmann.

Hver er maðurinn?

Í Safnamálum 1992 voru birtar tæplega 40 óþekktar myndir. Nokkrar þeirra hafa verið nafngreindar og skal það nú talið:

Myndin nr. 345 reyndist vera af Sólborgu Júníusdóttur á Sauðárkróki, síðar Skatastöðum, s.k. Björns Þorsteinssonar b. þar. Upplýsingar gaf Sigurjón Sveinsson. Nr. 353 mun vera Sigtryggur Traustason frá Ingveldarstöðum á Reykjaströnd, er síðar fór til Vesturheims. Björn Sigtryggsson á Framnesi þekkti hann. Nr. 362 er af Ingibjörgu Árnadóttur frá Mallandi á Skaga, búsett á Sauðárkróki. Upplýsingar frá Magnúsi Daníelssyni á Syðri-Ey á Skagaströnd. Nr. 373 er af Sigurleif Þormóðsdóttur í Miðgerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi, síðar á Akureyri. Heimildarmaður er Guðmundur Þórhallsson í Reykjavík. Nr. 376 er af Moniku Ingibjörgu Jónsdóttur frá Holtskoti, saumakonu í Reykjavík. Hana þekkti Sæmundur Jónsson frá Bessastöðum. Loks er nr. 380, sem mun vera Metúsalem Ólason frá Útnyrðingsstöðum, síðar í Kanada.

Mikið hefur borizt af myndum til safnsins á þessu og síðasta ári. Eins og oft vill verða, er nokkur hluti þeirra ónafngreindur, og því er enn af nógu að taka í þeim efnum. Um þessar myndir er það helst að segja, að sex hinar fyrstu, nr. 383-388, eru komnar úr dánarbúi Sæmundar Jónssonar frá Bessastöðum, gefnar ásamt ýmsu öðru af Mínervu Gísladóttur ekkju hans og dætrum. Aftan á mynd nr. 391 hefur verið skrifað Arnbjörg Sveinsdóttir, en ekki vitum við nánar hver hún er. Myndir nr. 392-400 eru allar komnar úr dánarbúi Kristján Gíslasonar kaupmanns á Sauðárkróki, gefnar af Árna Elfar.

Ég vil þakka öllum sem veittu okkur liðsinni við síðustu myndagátur og bið lesendur að líta yfir þessar myndir, sem nú birtast. Og umfram allt að láta ekki undir höfuð leggjast að láta okkur vita á Héraðsskjalasafninu, sími 95-36640, ef þið þekkið einhverja.

Hjalti Pálsson.



383



384



385



386



387



388

Safnamál . 34



389



390



391



392



393



394



395



396



397

Safnamál . 35



398



399



400



401



402



403



404



405



406



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg

Blómabúðinni

Verzlun
Haraldar Júlíussonar

útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Þriðjudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Miðvikudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Fimmtudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
.....og	kl. 8.00 - 10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00 - 6.00 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu:

Mánudaga	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Þriðjudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Miðvikudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Fimmtudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
.....og	kl. 8.00 - 10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 1.15 - 5.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA